


# NJÁRDFRÆÐI. ORÐASAGA OG ÖNNUR.



DOKTOR  
HELGÍ PJETURSS.

Ísgríta 1916

S/8

## Njarðfræði.

Það er merkilegur hnöttur þessi jörð, sem sendist í kringum sólinu eins og í nokkurs konar tjóðurbandi, sivelrandi um sjálfa sig, með allar bessar skritnu skepnur, sem á henni lisa. Og deyja. Því að þetta sólkerfi er í verra lagi fallið til að vera undirstaða undir líf, og enn þá er hjer háð tvísýn barátta við dauðann. En þó er það lífið, sem jörðin dregur nafn sitt af; því að jörð mun vera fyrir njörð, njöruð, sú sem nærir. En jörð, sú sem nærir, var einnig gyðjuheiti, og þetta hefur valdið nokkrum misskilningi í goðafræði, þeim fræðum, sem mest er í af misskilningi, allra fræða. Kona Alþöður hjet Jörð, og heiðar sonur var Þórr; en þar virðist heim, sem skemtilegastur hefur verið allra goðafræðinga, Snorri sturlusyni, hafa misskilist, er hann segir, að jörðin hafi verið móðir Þórs, rjett eins og hann hefði verið fæddur af moldu og grjóti. Fleiri gyðjur hafa Jörð heitið en móðir Þórs; og svo segir Snorri að heitið hafi dótturdóttir Nörfa jötuns. Í öðrum stað en getið var áður, nefnir Snorri svo Jörð móður Þórs, að hann virðist þar hugsa sjer gyðju, en ekki jörðina, „fold hina fjallsett“.

Nerthus, gyðjan sem Tacitus nefnir í riti sínu um Geirmannaland (Germanía) mun rjettu nafni hafa heitið Njörð, hin upphaflega mynd orðsins jörð.

Karlkynið við Njörð, sú sem nærir, er Njörður, sá sem nærir. Nari, eða Narfi eða Nörfi þýðir sama. Kvenkyn af Nari er Nara; með greininum Naran; fyrir naran var sagt nörðun og síðan norn, og væri þá frumþýðing þess orðs: sú sem nærir. Aðrir vilja leiða orðið norn af öðru. En heldur virðist mjer það styðja mitt mál, að í indversku er hædi til Nari og Nara, þó að þar hafi orðið kynjavíxl, svo að Nari er þar kvenkyns. Enn styður það mjög mitt mál um það hvernig orðið norn beri að skilja, að til er njörðun, og er það óefað sama sem njöruð, njörð.

Norræn goðafræði mun hefjast til nýrrar virðingar og meiri en nokkrum sinni áður. Þegar menn fara að skilja af hvaða rótum hún er runnin. Fer nú að verða mun auðveldara en áður, að átta sig á slíku.

31. jan.

Helgi Pjeturss.